



EFNI: VIÐMIÐ UM ÁKVÖRÐUN UM KERFISLEGA MIKILVÆGA EFTIRLITSSKYLDA AÐILA

Kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar eru þeir sem vegna stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið ef þeir lenda í erfiðleikum. Af þessum ástæðum og sakir þess að kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðila eru oft á tíðum mikilvæg varðandi starfsemi fjármálainnviða og aðgang almennings að greiðsluþjónustu og eigin sparifé er opinbert öryggisnet um þær þéttara en ella og beinar og óbeinar ábyrgðir á skuldbindingum þeirra viðtækari. Það magnar freistnivanda sem birtist í því að þessir aðilar taka meiri áhættu en hagkvæmt er fyrir fjármálakerfið í heild. Því er þörf á regluverki sem vinnur á móti þessari tilhneigingu, sérstaklega í formi aukinna eiginfjáarkvaða, og virkara eftirlits en ella.

Til að mæta þessu er þess vænst að frá 1. janúar 2016¹ verði hægt að leggja viðbótar eiginfjárkröfu á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Sú eiginfjárfrafa má vera allt að 2% af áhættugrunni. Sé eftirlitsskyldur aðili skilgreindur sem kerfislega mikilvægur hefur það einnig áhrif á tíðni og umfang eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka. Kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar skulu flokkast í áhrifavægisflokk 1 samkvæmt leiðbeinandi tilmælum EBA um könnunar- og matsferli² og skal eftirlitsaðili taka tillit til þess við reglubundið eftirlit.

Aðferðafræði EBA við mat á kerfislegu mikilvægi fyrirtækja er skilgreind í leiðbeinandi tilmælum sem gefin voru út 16. desember 2014³ og er í samræmi við kröfur CRDIV/CRR löggjafarinnar sem innleidd verður hér á landi á næstu misserum.⁴ Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegri umgjörð sem þróuð var af Basel nefndinni til að ákvarða kerfislega mikilvæga banka innanlands.⁵ Stuðst er við fjóra þætti við mat á kerfislegu mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum: stærð, mikilvægi, flækjustig og starfsemi yfir landamæri og tengsl. Samkvæmt lögum um fjármálastöðugleikaráð á ráðið að staðfesta skilgreiningar á kerfislegu mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum og samkvæmt frumvarpi til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki skal ráðið beina tilmælum um eiginfjárafrauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki til Fjármálaeftirlitsins. Mat á kerfislegu mikilvægi verður framkvæmt árlega á grundvelli ársuppgjöra fyrirtækja.

¹ Frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki (<http://www.althingi.is/altext/144/s/0990.html>)

² EBA/GL/2014/13, EBA, 19. desember 2014

³ EBA/GL/2014/10, EBA, 16. desember 2014.

⁴ Article 131(3), Directive 2013/36/EU, 20. mars 2014.

⁵ A framework for dealing with domestic systematically important banks, BCBS, október 2012.



Samkvæmt greiningu kerfisáhættunefndar, sem starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð, teljast fjórir eftirlitsskyldir aðilar kerfislega mikilvægir á Íslandi: Landsbankinn hf., Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Íbúðalánasjóður. Fjármálastöðugleikaráð staðfestir kerfislegt mikilvægi þessara fjögurra aðila og munu þeir lúta eftirliti í samræmi við það.